

Mál nr. 150/2014
M og
V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A.

Árekstur bifreiða. Líkamstjón. Orsakatengsl. þ. 6.11.2013

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 20.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 4. júní 2014.

Málsatvik.

M ók bifreið eftir Kringlumýrarbraut og stoppaði á gatnamótum við Listabraut þar sem hún taldi ranglega að rautt ljós hefði logað og bifreiðin A ók síðan aftan á bifreið M. Ökumaður A segir að grænt ljós hafi logað og M hafi snar stoppað bíl sinn við ljósin og honum hafi ekki tekist að stöðva A alveg, þannig að árekstur hafi orðið. M telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Í læknisvottorði Stefáns Dalberg dags. 5.5.2014 kemur m.a. fram að M hafi við áreksturinn þ. 6.11.2013 tagnað á hálsi sem séu meiðsli ofan í eldri meiðsli auk þess sem hún hafi hlotið tagnun á mjóbaki og báðar axlir og sé komin með axlarklemmu í framhaldi af meiðslunum. Í umræddu læknisvottorði kemur fram að læk'nirinn þekki ekki heilsufarssögu M en vísar til upplýsinga frá M um að hún hafi lent í bílslysi 1993 og 2011. M byggir á því að hún hafi slasast við áreksturinn og orsakatengsl séu á milli árekstursins og þeirra áverka sem M kvarti yfir í dag. Af hálfu M er mótmælt skýrslu Aksturs og Öryggis ehf. dags. 23.1.2014 og brotið hafi verið gegn lögum um persónuvernd nr. 77/2000 við gerð skýrslunnar auk þess sé skýrslan ómarktæk og hafi engin áhrif á sönnun í málinu. Þá vísar M til þeirra læknisfræðilegu gagna sem fyrir liggja en þau staðfesti að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum í árekstrinum. M telur því læknisfræðileg gögn fullnægjandi sönnun þess að um orsakatengsl sé að ræða milli árekstursins og þeirra áverka sem M kvarti yfir í dag. V hafnar bótaskyldu og bendir á að takmarkaðar upplýsingar liggi fyrir í málinu um fyrra heilsufar M. Þá vísar V því á bug að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga um persónuvernd við vinnslu Aksturs og Öryggis ehf. á skýrslu sinni og bendir í því sambandi á að M hafi skrifað undir "samþykki ökumanns" á tilkynningu félagsins auk þess vísar V til þess að það sé hlutverk Persónuverndar að skera úr um það hvort að lög um persónuvernd hafi verið brotin. V bendir á að bifreið M hafi verið lítið skemmd og engin tilkynning um líkamstjón ökumanns A hafi borist. Þá vísar V til þess að niðurstaða útreiknings í skýrslu Aksturs og Öryggis ehf. sýni að höggkrafturinn sem virkaði á M hafi aðeins samsvarað 4.37 km/klst og þyngdarkrafturinn samsvari 1.03g á ökutækið og teljist áreksturinn því til svokallaðra lágorkuárekstra (low impact). V segir að höggið sem M fékk hafi því ekki verið þess eðlis að hún hefði átt að þróa með sér krónísk einkenni af völdum þess.

Álit.

Af ljósmyndum af A og bifreið M má ráða að ekki hafi verið um harðan árekstur að ræða. Niðurstaða í skýrslu Aksturs og Öryggi ehf. dags. 23.1.2014 bendir til hins sama. Skýrslu Akstur og Öryggi ehf. var aflað einhliða af V og er tekið tillit til þess varðandi sönnunargildi skýrslunnar. Engra gagna nýtur við varðandi heilsufarssögu M nema frásögn hennar sjálfar og skv. þeirri frásögn þá hefur hún tvívegis hlotið líkamsáverka vegna bílslyss áður en hún lenti í slysinu þ. 6.11.2013. Miðað við læknisvottorð Stefáns Dalberg frá 5.5.2014 hefur M orðið fyrir líkamstjóni, en takmarkaðra upplýsinga nýtur við varðandi þá áverka í tengslum við fyrra heilsufar og ekkert

mat liggur fyrir um það hvort og að hve miklu leyti þeir verkir sem valda M vanda í dag eru orsök árekstursins þ. 6.11.2013. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður því ekki fullyrt að orsakatengsl séu á milli þeirra verkja sem M er haldin í dag séu afleiðing af árekstrinum frá 6.11.2013. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 1.6.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.